



Fundargerð

241. fundur Umhverfis - og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
18. desember 2019, kl. 17:00

Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

Starfsmenn:

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Dóra Steinunn Jóhannsdóttir ritari.

* * *

1. Hlíðahverfi - Drög (2019120007)

Miðland ehf. kynnti drög að deiliskipulagi Arkís arkitekta að 3. áfanga Hlíðahverfis þann 6. desember. Erindi var frestað meðan ráðið skoðaði drögin.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur vel í þær skipulagshugmyndir sem voru lagðar fram.

2. Dalshverfi III - Skipulagslýsing (2019120008)

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir Dalshverfi 3. Áhersla er á þéttari byggð og lægra hlutfall sérbýla en í fyrri áföngum. Kanon arkitektar kynntu drög að deiliskipulagi Dalshverfis 3 þann 6. desember. Erindi var frestað meðan ráðið skoðaði drögin.

Skipulagslýsing er samþykkt. Umhverfis- og skipulagsráð tekur vel í þær skipulagshugmyndir sem voru lagðar fram.



3. Fitjar 3 - Fyrirspurn (2019120213)

Tralli ehf. óskar eftir heimild til að bæta aðstöðu við Fitjar 3 með um 30m² byggingu fyrir starfsmannaðstöðu, geymslu og vinnslu hráefnis samkvæmt uppdráttum Verkfræðistofu Suðurnesja dags 10.12.2019.

Samþykkt að senda í grenndarkynningu.

4. Vallarbraut 12 - Breyting á deiliskipulagi (2019080268)

Auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi er lokið. Breytingin felst í að snúa byggingu á reit og aðkoma verði norðan megin. Hæðir verði fjórar í stað þriggja og að fjölga íbúðum úr 9 í 15. Byggingareitur hefur verið færður fjær löðamörkum Móavalla 2. Ein athugsemd barst, skipulaginu er andmælt vegna skerðingar á útsýni.

Breyting á skilmálum deiliskipulags varðandi húshæðir þá hækkar byggingin aðeins um 45cm frá gildandi deiliskipulagi og hefur ekki áhrif á útsýni. Byggingareit er snúið og færður fjær götu, sem skerðir útsýni hluta íbúa við Krossmóa 5 lítillega til suðurs, en bætir útsýni allra íbúa Krossmóa 5 til suðvesturs. Við breytinguna er aðkoma á löð betri og öruggari auk þess sem götumynd Samkaupsvegar og Krossmóa er skýrari.

Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

5. Reykjanesvegur 54 - Fyrirspurn um bílskúr (2019120214)

Sveinbjörn Gizurarson óskar heimildar til að breyta bílskúr á löðinni Reykjanesvegur 54 í vinnustofu og skrifstofuaðstöðu.

Samþykkt að senda í grenndarkynningu.

6. Ósk um löð - Próunarsvæði við Reykjanesbraut (2019120011)

Smáragarður ehf. óskaði með bréfi dags. 29.11.2019 eftir heimild til að þróa reit sem skilgreindur er í aðalskipulagi sem VP2. Á svæðinu verði tvær löðir þar sem á aðra þeirra komi byggingavöruverslun. Skipulagsfulltrúi leggur fram og kynnir drög að samkomulagi Smáragarðs ehf. og Reykjanesbæjar.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

7. Dalsbraut 32-36 - Fyrirspurn (2019120016)

Miðbæjareignir ehf. óska heimildar til að auka byggingamagn á löð um 106m² og að fjölga íbúðum úr 11 í 15 á hvert hús samkvæmt erindi KRark arkitekt dags. 11.12.2019.

Samþykkt að senda í grenndarkynningu. Umsækjandi mun bera allan kostnað af breytingum og unnið verði í samráði við Umhverfis- og skipulagsráð ef samþykki fæst.



8. Mardalur 16-24 - Fyrirspurn (2019060043)

Sæfaxi ehf. óskar eftir að fjölga um eina íbúð í raðhúsalengjunni Mardalur 16-24 samkvæmt upprætti KJ hönnun dags. 22.11.2019.

Erindi frestað.

9. Rafræn skilti (2019090067)

Leiðbeiningar um afgreiðslu á umsóknum fyrir rafræn tilkynninga- og auglýsingaskilti í Reykjanesbæ.

Samþykkt.

10. Stapabraut 21 - Auglýsingaskilti (2019070263)

Blue Mountain ehf. og Atlantsolía ehf. sækja um að setja upp LED auglýsingaskilti á lóðinni Stapabraut 21 við Reykjanesbraut með umsókn og upprætti dags. 20.06.2019. Gildandi deiliskipulag tilgreinir reit fyrir auglýsingaskilti. Sótt er um staðsetningu innan þess reits.

Samþykkt með tilvísun í leiðbeiningarreglur um skilti dags. 12.12.2019.

11. Heimild til að vinna deiliskipulag vegna nýrrar fráveituhreinsistöðvar (2019080273)

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbær óskar heimildar til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir nýja fráveituhreinsistöð á svæði I2 við Náströnd.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi.

12. Graftar- og verkleyfi – Reglur (2019110115)

Umhverfissvið Reykjanesbæjar kynnir uppfærðar reglur um graftar- og verkleyfi.

Samþykkt.

13. Umferðar- og samgönguáætlun (2019120216)

Umhverfissvið Reykjanesbæjar leggur fram drög að umferðar- og samgönguáætlun.

Lagt fram.

14. Strætó - Kynning (2019090564)

Sigurður Ingi Kristófersson deildarstjóri umhverfismála Reykjanesbæjar kynnti uppfært leiðarkerfi almenningsvagna í Reykjanesbæ sem tekur í gildi 05.01.2020.



15. Leirdalur 34 - Lóðarumsókn (2019120094)

Magnús Hvanndal Magnússon sækir um lóðina Leirdalur 34.

Lóðarúthlutun samþykkt.

16. Staða skipulags- og byggingarmála 2019 (2019120219)

Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi og Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi fóru yfir stöðu skipulags- og byggingarmála í Reykjanessbæ 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:20

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is in cursive script and appears to read "Gunnar K. Ottósson". Below it is another cursive signature that looks like "Sveinn Björnsson". At the bottom is a signature that includes "Helga María Þórhallsdóttir".